

85
28. maí (Ágrip). — Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um embættislán handa prestakalli. — Með brjefi þessu samþykki landshöfðingi, að tekjur Hofsprestakalls í Vopnafrði væru veðbundnar fyrir allt að 2800 kr. láni um 28 ár til þess að byggja á presisetrunu hús, 23 álna langt og 8 al. breitt, er verði eign staðarins, með venjulegum skilyrðum, þar á meðal, að húsinu skuli haldið í ábyrgð, er nemi 3200 krónum.

86
5. júní (Ágrip). — Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um embættislán handa prestakalli. — Með brjefi þessu var prestinum að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd leyft að veðbinda tekjur prestakallsins um 8 ár fyrir 400 kr. láni til nauðsynlegra aðgjörða á kirkjunni þar á staðnum, þannig, að vextir og afborganir greiðist af tekjum prestakallsins, að svo miklu leyti, sem tekjur kirkjunnar hrökkva eigi til, og með því skilyrði, að greiddar væru af lánsupphæðinni eptirstöðvar af eldra láni til kirkjunnar, veittu 4. júní 1878.

87
5. júní. festi þurfalings. — Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um sveit. — Með þóknanlegu brjefi dagsettu 10. apríl þ. á. hafð þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dags. 1. okt. f. á., innihaldandi áfrýjan hreppsnefndarinnar í Rangárvallahreppi á úrskurði amtsins, dags. 15. maí 1894, en með úrskurði þessum er ákveðið, að Halldór nokkur Einarsson hafi átt sveitfesti í nefndum hreppi, þá er hann andaðist í Reykjavík 3. nóv. 1888, og að Rangárvallahreppi beri að endurgjalda fátækra sjóði Reykjavíkur kostnaðinn við greptrun hans, að upphæð 31 kr., er greitt var af nefndum sjóði; fer hreppsnefndin fram á, að tjeðum úrskurði verði breytt þannig, að Halldór Einarsson verði álitinn að hafa átt sveit í Rosmhvalaneshreppi í Gullbringusýslu, og umgetinn kostnaður því lagður á þann hrepp.

Það er viðurkennt í máli þessu, að Halldór Einarsson hafi hvergi átt sveitfesti annarsstaðar en í fæðingarhreppi sínum Rangárvallahreppi, þegar hann árið 1875 fluttist þaðan í Rosmhvalaneshrepp, sómuleiðis, að hann síðan hafi haft óslitna dvöl í þeim hreppi í 11 ár eða til vors 1886. En hreppsnefndin í Rosmhvalaneshreppi hefir haldið því fram, að hann hafi ekki unnið sjer sveitfesti með þessari dvöl, með því að hann hafi dvalið þar í ólöglegri húsmennsku, og þeg-ið fje af hreppssjóði, samtals 24 kr., hallærisárin 1884—1885 og 1885—1886. Fyrir hinu fyrra atriði, að dvöl hans hafi verið ólögleg, færir hreppsnefndin þá ástæðu, að hann hafi ekki fengið leyfi hreppsnefndarinnar til húsmennsku í hreppnum; en á hinn bóginn er það viðurkennt, að hann hafi aldrei verið kærður nje dæmdur fyrir ólöglega húsmennsku, og að hann hafi átt bæ þann, er hann bjó í, goldið til sveitar og innt af hendi öll skylduverk og gjöld í hreppnum, sem honum bar að lögum. Jafnvel þótt hann hafi ekki fengið skriflegt leyfi, verður því að álíta, að hafi hann haft þegjandi samþykkinefndarinnar til húsmennskudvalarinnar, sem með því að leggja á hann gjöld til hreppsins sem húsmann og líða hann óátalið hefir tekið hann gildan sem slíkan, sbr. lhbrj. 23. sept. 1887 (Stjt. 1887 B, bls. 123—124) og lhbrj. 5. jan. og 26. maí 1893 (Stjt.